

76
2. ágúst

2. gr.
Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er áður en venjuleg haustslátrun hefst og á kartöflum, sem teknar eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skal eigi hafa áhrif á dýrtíðarvísitölu.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Pétur Magnússon.

Stjórnartíðindi 1945, A. 11.

77
7. maí

F Y R I R M Æ L I

um sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á sparisjóðsdeild sem öðrum skuldbindingum Búnaðarbankans.

2. gr.

Deildin skal eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggðum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, jarðræktarbréfum, veðdeildarbréfum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbréfa má koma inneign í sparisjóðsdeild Landsbankans.

3. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

4. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst 1 kr. í senn. Þó er deildin eigi skyld að taka við stórfé, þegar stjórn bankans telur honum það óhentugt.

5. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst 5 kr., skal reikna vöxtu af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum aukum. Vextir skulu reiknaðir til 31. desember ár hvert og lagðir þá við höfuðstól. Af fjárhæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vöxtu, þegar slíkar fjárhæðir standa skemur en tvo mánuði í bankanum.

6. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn bankans telur sér fært, en krafizt getur hún þess, að fjárhæðum frá 1000—3000 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara, fjárhæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti.

Eigi er bankinn skyldur að greiða meira en 5000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók, nema uppsögn liggir fyrir og er þá uppsagnarfrestur tveir mánuðir að minnsta kosti.

7. gr.

Þeim, sem í fyrsta sinn leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er þá fengin viðskiptabók og greiðir hann 50 auru fyrir. Stjórn bankans ákveður, hvort gjald þetta skuli tekið fyrir fram eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

77
7. maí

Hvenær sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má taka við fé án þess að sýna bókina, gegn kvittun bókara og féhirðis, þegar sérstök atvik eru fyrir hendi.

Heimilt er að setja upp sérstaka deild í sparisjóðnum, þar er taka megí við innlögum og ávísá á innstæðu, án þess að viðskiptabókin sé sýnd. Skulu slík innlög og útgreiðslur færðar inn í viðskiptabókina, þegar hún er næst sýnd í bankanum. Viðskiptabækur þeirrar deildar skulu greinilega bera með sér, að rita megí ávísanir á innstæðuna.

Innlög og útgreiðslur kvitta bókari og féhirðir í viðskiptabók, og er það full sönnun.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til þess að fá greitt fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því. Á sama hátt ber sá skaða, er féð á, er fyrir kemur, að fölsuð ávísun er greidd af bankanum, nema um sé að kenna augljósu gáleysi bankans.

Vextir skulu tilfærðir í viðskiptabækur eftir áramót, fyrst þegar hreyft er við innstæðu. Stjórn bankans löggildir viðskiptabækur eða þeir starfsmenn bankans, sem stjórn hans veitir umboð til þess.

8. gr.

Ef viðskiptabók glatast, leitar eigandinn til stjórnar bankans, og annast hún þá um, að handhafa sé stefnt, að þeim hætti, er greinir í lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði. Kostnað greiðir eigandi.

9. gr.

Stjórn bankans er heimilt að segja upp fé, sem á vöxtum er í bankanum með sparisjóðskjörum, með þriggja mánaða fyrirvara. Skal uppsögnin annað hvort færð inn í viðskiptabókina eða birt í því blaði, er flytur auglýsingar stjórnarvalda, og að minnsta kosti í tveim blöðum öðrum.

Eftir gjalddaga eru ekki greiddir vextir af fé því, sem upp er sagt.

10. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 15 ár samfleytt, verða eigi vextir reiknaðir af framar, og verður þá skorað á eiganda að hirða féð. Skal það gert með auglýsingu, er birt sé með misseris fyrirvara, að þeim hætti er segir í 8. gr. Ef hann gefur sig ekki fram, áður en frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð, ásamt vöxtum, rennur til bankans. Þó má stjórn bankans greiða féð að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

11. gr.

Mönnum verður eigi veitt vitneskja um eignir annarra í bankanum, nema skylt sé að lögum.

12. gr.

Sá, er tekið hefur allt út úr viðskiptabók sinni, skal skila henni í bankann. Ef bók er útskrifuð, fær eigandi aðra ókeypis, ef hann vill halda viðskiptum áfram.

13. gr.

Heimilt er sparisjóðsdeild að taka fé til ávöxtunar eftir sérstökum samningi í hvert skipti og láta í té viðtökuskirteini fyrir fénu.

77

7. maí

14. gr.

Heimilt er deild þessari að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, í samræmi við tilgang bankans.

15. gr.

Deildinni er enn fremur heimilt að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, þegar þessi skilyrði eru fyrir hendi:

- a) Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé útskriftin staðfest af yfirvaldi því, er hlut á að máli.
- b) Yfirlýsing stjórnarvalds þess, er hlut á að máli, um ábyrgðina.
- c) Fjárhagsreikningur bæjar, sýslu eða sveitar næsta ár á undan lánbeiðninni.
- d) Samþykki æðra stjórnarvalds (sýslunefndar eða stjórnarráðs).
- e) Vottorð þeirra yfirvalda, er hlut eiga að máli, um það, að þeir menn, er annast um lántökuna, eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir aðiljar.

16. gr.

Heimilt er og deildinni að veita lán gegn tryggingu í 1. eða 2. veðrétti í jarðeignum, þar á meðal ræktuðum erfðafestulöndum með húsum.

Um slík lán skulu lánbeiðendur fullnægja þessum skilmálum:

- a) Leggja fram virðingargerð, er sett sé og samin svo sem nú skal greina.

Eignir þær, er setja skal að veði, skulu virtar af trúnaðarmönnum deildarinnar á kostnað lánbeiðanda. Bankinn leggur til eyðublöð að virðingargerðum. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær hafa í kaupum og sölum eftir beztu vitund virðingarmanna, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla. Í virðingargerð skal eign lýst rækilega og greinilega. Skulu þar tjáð öll þau atriði, kostir og gallar, sem áhrif geta haft á verðmæti hennar. Skal þar tilgreint verð eignarinnar að fasteignamati, kúgildatala, afgjaldshæð, hlunnindi og kvaðir, allt það, er lýtur að högum hennar og ræktun, viðhald húsa og enn greind sérstök atvik, sem áhrif hljóta að hafa á verðmæti hennar, svo sem það, hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, skriðum, sandfoki, snjóflóðum o. s. frv. Þess skal getið, hver hús sé á jörðinni og hvers virði hver um sig, en eins fyrir því tekið fram virðingarverð jarðarinnar sjálfrar, án húsa.

Í virðingu húseigna skal nákvæmlega lýst hverju einstöku húsi, tilgreind stærð þess, tala herberga, telja til allt múr- og naglfast, sem henni fylgir, svo sem ofna, járneldstæði o. fl., efni það, er húsin eru gerð af, og gæði þess, að svo miklu leyti, sem unnt er, enn fremur aldur húsa og viðhald og kvaðir, ef nokkurar eru.

Ef eignin hefur gengið kaupum og sölum, svo að kunnugt sé, skal skýrt frá, hvað gefið hafi verið fyrir hana síðast. Á húsum er tilskilin váttrygging í félagi, sem stjórn bankans tekur gilt. Váttrygging í Brunabótafélagi Íslands skal jafnan tekin gild.

Hús, sem landi fylgja, hvort heldur er jörð eða erfðafestuland, verða eigi tekin að veði sérstaklega, jafnvel þótt váttryggð séu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

- b) Útvega veðbókarvottorð.
- c) Útvega vottorð sama embættismanns, sem hlut á að máli, um þinglesna heimild lánbeiðanda að eigninni, eða, ef ekki er unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.
- d) Afhenda bankanum váttryggingarskírteini, ef um váttryggðar eignir er að ræða, og
- e) kvittun fyrir síðustu iðgjaldagreiðslu.

17. gr.

77

Deildin lánar fé gegn sjálfskuldarábyrgð, sem stjórn bankans telur full- 7. maí
nægjandi.

18. gr.

Lán gegn fasteign og handveði eru veitt til þess tíma, og með þeim árgreiðslu-
kjörum er stjórn bankans ákveður. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð eru eigi veitt til
lengri tíma en eins árs í senn.

19. gr.

Stjórn bankans ákveður vöxtu af innlögum og útlánsfé í samráði við landbún-
aðarráðherra. Vaxtabreytingar allar skulu jafnan auglýstar í Lögbirtingablaði.

20. gr.

Um samning og birting ársreiknings sparisjóðsdeildar fer eftir ákvæðum 58.
gr. í lögum um Búnaðarbanka Íslands 7. nóv. 1941.

Fyrirmæli þessi eru hér með sett samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands
nr. 115 7. nóv. 1941, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi fyrirmæli um sparisjóðs- og rekstrarlánadeild Bún-
aðarbanka Íslands frá 30. apríl 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. maí 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

78

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð fyrir
verkfræðideild Háskóla Íslands.

2. ágúst

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins hefur forseti Íslands í dag staðfest eftirfarandi
reglugerð fyrir verkfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Verkfræðideild Háskóla Íslands veitir kennslu:

1. Í vísindalegum undirstöðuatriðum verkfræðinnar.
2. Í höfuðgreinum verkfræðinnar, eftir því, sem ákveðið er á hverjum tíma.

Skilyrði til inntöku í deildina er stúdentspróf úr stærðfræðideild íslensks
menntaskóla eða sambærilegt próf.

Deildin getur sett skilyrði um lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða
greinafloknum.

2. gr.

Námið skiptist í fyrra hluta og síðara hluta. Í fyrra hluta námsins eru aðal-
lega kennd vísindaleg undirstöðuatriði verkfræðinnar. Í síðari hluta námsins eru
kenndar höfuðgreinar verkfræðinnar.

Fyrri hluti námsins miðast við 3 kennsluár og próf í lok hvers kennsluárs.
Verklegt próf í landmælingu fer þó að jafnaði fram í byrjun 3. kennsluárs.

Áður en stúdent segir sig til prófs skal hann leggja fram vottorð um, að hann
hafi lokið tilskildum æfingum á fullnægjandi hátt, samkvæmt nánari ákvæðum
deildarinnar.